

## FW: Málefni Leiðarenda

**Til** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Frá** : Sigurður Haraldsson  
**Heiti** : FW: Málefni Leiðarenda  
**Málsnúmer** : 16011208  
**Málsaðili** : Hafnarfjarðarkaupstaður  
**Skráð dags** : 02.03.2017 14:23:14  
**Höfundur** : Sigurður Haraldsson

**Viðhengi** [1701Náttúrufræðingurinn 86 \(3-4\) Surtshellir í Hallmundarhrauni.pdf](#)  
[1701Náttúrufræðingurinn 86 \(3-4\) Surtshellir í Hallmundarhrauni.pdf](#)  
[1702VerndunVarðvNátt2008.pdf](#)[1702VerndunVarðvNátt2008.pdf](#)  
[1213GregImpressions of some Icelandic caves Rev2.docx](#)  
[1213GregImpressions of some Icelandic caves Rev2.docx](#)  
[1212MM ICELAND CAVES.docx](#)[1212MM ICELAND CAVES.docx](#)

Sæl Jóna Ósk viltu senda þesi gögn á umhverfis- og framkvæmdarráð og Helgu Stefáns og Berglindi Kv  
Sgiruður

---

**From:** Árni Stefánsson [mailto:abstef@simnet.is]

**Sent:** 2. mars 2017 13:39

**To:** Sigurður Haraldsson

**Cc:** Haraldur Líndal Haraldsson ; 'Guðni Gunnarsson' ; 'Guðmundur B Þorsteinsson' ; 'Sigmundur Einarsson' ; 'Ólafur A. Jónsson'

**Subject:** Málefni Leiðarenda

Sæll Sigurður

Þakka samtölin

Þætti vænt um að þú sendir meðf. á fulltrúa Umhverfis og framkvæmdaráðs Hafnarfjarðar vegna fyrirhugaðs fundar með Verndunarnefnd HrfÍ 08.15. þann 08.03. n.k. Áætlaðar eru 30 mínútur til kynningar og umræðna og er það í stysta lagi. Mér þætti vænt um að fundarmenn kynntu sér meðf. ítarefni og neðangr .línur. Við getum þá einbeit okkur að aðalatriðum og úrlausnum í formi samræðu.

Meðf ítarefni:

1. Grein í Lesbók Mbl nóv 1991. Fundur og framtíð Leiðarenda var eitt tilefna greinarinnar
2. Álit Martin Mills 2012.
3. Greinargerð Greg Middleton 2013.
4. Surtshellir, yfirlitsgrein, núv. staða mála

Eftir að málefni Leiðarenda höfðu velkst milli nefnda og ráða Hafnarfjarðarbæjar um tveggja ára skeið ákvað Umhverfis og framkvæmdanefnd bæjarins að vísa málinu frá sér. Í pósti fyrr í mánuðinum kemur fram að Umhverfis og framkvæmdanefnd Hf hafi ákveðið að setja upp skilti við Leiðarenda í samráði við Umhverfisstofnun. Það hefur löngu sannað sig bæði hérlandis og erlendis að uppsetning skiltis í tilvikum sem þessum, og það er nokkurnvegin sama hver textinn er, er verri lausn en engin.

Í umfjöllun Þórdísar Vilhelmínu Bragadóttur um ný náttúruverndarlög á ársfundi Umhverfisstofnunar og

umsjónaraðila friðlýstra svæða þann 11.11. s.l. kom fram að fólkvangar hafa verið teknir út úr náttúruverndarlögum og 1. mgr 85. gr laga um náttúruvernd gildir ekki um fólkvanga. Sveitarfélög fara sjálfkrafa með umsjón svæðanna/fólkvanga en stjórnvaldsákvarðanir eru þó hjá Ust.

Reykjanesfólkvangur í sinni upprunalegu mynd er orðinn orðin tóm. Áherslur og landamörk sveitarfélaga sem að fólkvangnum stóðu hafa breyst. Umsjá þess hluta fólkvangsins sem heyrir undir Hafnarfjarðarbæ er alfarið á hendi bæjarins. Þ.e. fjárhagsleg ábyrgð á fjármögnun nýrra framkvæmda, viðhald, rekstur innviða, inngrip.

Í bréfi Þórdísar Vilhelminu /Ust d. 05.12. s.l. til Hellarannsóknafélags Íslands kemur fram að Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðaræjar hafi í bréfi dags 07.09. s.l. beint því til Umhverfisstofnunar að loka Leiðarenda tímabundið, þar til fyrir liggur áætlun sem tryggir verndun hellisins og viðunandi þjónustu fyrir þann mikla fjölda gesta sem heimsækir hann. Bréfi Þórdísar fylgir vonlaus aðgerðaáætlun í 15 liðum og augljóst að stofnunin ræður ekki við vandann. Umhverfisstofnun hefur sýnt í verki, bæði í Leiðarenda og alveg sérstaklega í Vatnshelli að hún ræður ekki við jafn flókin og sérhæfð verkefni og hellarnir eru.

Hafnarfjarðarbær getur ekki skorast undan ábyrgð sinni á Leiðarenda, frekar en öðrum náttúrgersemum á eignarlandi bæjarins. Málefni Leiðarenda hafa einnig víðari skírskotun og fordæmisgildi. Þau varða verndun, varðveislu, aðgengi og umgengni við hraunhella á landsvísu og varða Verndunarnefnd Hellarannsóknafélags Íslands og HrfÍ.

Hellarannsóknafélag Ísland og Verndunarnefnd félagsins búa yfir sérþekkingu og áhuga. Hafa sýnt frumkvæði, sinnt lokunum viðkvæmra hella, eftirliti með hraunhellum, ráðgjöf vegna hraunhella og unnið stóran hluta samráðs- og friðlýsingarferlis friðlýstu hellanna þriggja. Flestir hraunhellar landins eru utan friðlýstra svæða og utan lögsögu Umhverfisstofnunar. Þ.m.t. Leiðarenda, sjá neðar.

Vandinn sem við er að eiga er:

1. Dropsteinsmyndanir hraunhellanna eru meðal fegurstu og viðkvæmstu náttúruminja íslenskrar náttúru.
2. Ein fyrsta verndaraðgerð nýstofnaðs Náttúruverndarráðs var að friðlýsa dropsteinsmyndanir í hraunhellum landins með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu 1958.
3. Stærstu og merkustu hraunhellar landins skörтуðu einstaklega fögrum og stórmerkilegum dropsteinsmyndunum. Þessar myndanir og hellarnir sjálfir hafa orðið fyrir stórkostlegum og óbætanlegum skaða af mannavöldum.
4. Hraunhellar og það sem þeir hafa að geyma eru viðkvæmstu náttúruminjar landsins. Þeir láta undantekningalaust á sjá við óheftan ágang almennings og ferðamanna. Sbr Leiðarenda
5. Veldisaukning hefur verið í ásókn ferðaþjónustufyrirtækja í hraunhella landins frá aldamótum. Sbr Leiðarenda.
6. Nýting ferðaþjónustufyrirtækja á viðkvæmum hraunhellum er óábyrg og með öllu ósjálfbær. Sbr Leiðarenda.
7. Staðsetningahnit yfir 500 hraunhellisopa eru aðgengileg á prenti og internetinu.
8. Áætlaðar tekjur ferðaþjónustufyrirtækja af ferðum í íslenska hraunhella á s.l. ári er yfir milljarður.
9. Áætlaðar tekjur af hellaferðum í Leiðarenda einan á s.l. ári eru yfir 350 milljónir.
10. Leiðarenda er aðgengilegasti og “þægilegasti” “ævintýrahellir” landins.
11. Reyndir leiðsögumenn, sumir hverjir amk, segjast vera komnir með ógeð á Leiðarenda.
12. Bágt ástand Leiðarenda er ferðaþjónustufyrirtækjunum sem nýta hellinn, landeiganda, Reykjanesfólkvangi og Umhverfisstofnun til mikils vana.
13. Hvort sem eitthvað verður að gert í Leiðarenda eða ekki, er hætt við að ferðaþjónustufyrirtæki fari smám saman að snúa sér að öðrum hellum. Aðgerðir skv aðgerðaáætlun Ust munu að öllum líkindum leiða til fjöldaflotta ferðaþjónustufyrirtækja.
14. Frá sjónarmiði hellaverndar er mikilvægara að laða ferðaþjónustufyrirtæki að Leiðarenda en hitt. Gefa þeim tækifæri á taka þátt og veita hlutfalli af tekjum til uppbyggingar og skipulags. Flest sem viðkvæmt er hefur þegar verið skemmt og lítið er eftir að skemma. Á hinn bóginn er margt sem betur má fara og margt sem færa má til betri vegar.
15. Gera þarf ferðaþjónustufyrirtækjum, á sem sársaukaminnstan hátt að greiða 10-15% brúttótekna af

Leiðarenda til vöktunar, rannsókna, fræðslu, og uppbyggingar í og við hellinn og hellum almennt.

16. Uppbygging í og við Leiðarenda þarf að taka mið af hellavernd, viðhaldi hellisins, sjálfbærni og vera til sóma.
17. Málefni Leiðarenda eru komin í óefni og stefna í verra. Skipa þarf fagráð og/eða framkvæmdanefnd um málefni hellisins þar sem fagþekking, nærfærni, sjálfbærni og virðing fyrir náttúrunni eru höfð að leiðarljósi. Ráðið setji fram aðgerðaáætlun og vinni skv. aðferðafræði aðlagandi rekstrar (adaptive management).
18. Hraunhellarnir varða okkur öll. Við Íslendingar stöndum langt að baki öðrum þjóðum hvað varðar verndun, varðveislu og nýtingu hraunhella. Hraunhellar eru í flestum helluhraunum landsins, þjóðlendum, þjóðgörðum, sveitarfélögum og einkalöndum
19. Nauðsynlegt er að móta heildarstefnu í málefnum hraunhella. Sérhæfðrar vöktunar og eftirlits er þörf.
20. Byggja þarf upp sýningarhella, því aðeins í helli má sjá, skýra og skilja þau undur sem hellirinn býr yfir. Þar má svara forvitni og skoðunarþörf fólks. Nýta má áhrifamátt hellisins til að senda skilaboð náttúruverndar.
21. Lagasetninga er þörf. Leggja þarf blátt bann við nýtingu viðkvæmra hella í atvinnuskyni sem er ekki aðeins með öllu ósjálfbær, heldur andstæð siðareglum hellaskoðunar- og hellarannsóknafélaga og landslögum víða um lönd.

Virðingarfyllst

F.h. Verndunarnefndar HrfÍ

Árni B. Stefánsson

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)